

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



Dags eftirlits	11.6.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Fulltrúi UST	Hulda Dagmar Magnúsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar var í lagi. Athugasemd er gerð við skil á gögnum er varða útstreymisbókhald. Engin frávik voru staðfest í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með skoðun á urðunargryfjum og hreinsivirki. Að því loknu var haldinn fundur þar sem farið var yfir það helsta úr starfsemi síðasta árs og fram að eftirlitinu nú. Farið var yfir magn og tegund úrgangs árið 2012, mælingar á hauggasi og sigvatni, rekstur hreinsivirkja (lagfæringar og stækkun) frá síðasta eftirlit og aðra þætti sem rekstraraðila er gert að skila inn upplýsingum um skv. ákvæðum 5.1 og 5.4 í starfsleyfi. Rætt var um urðun sláturúrgangs, og ný ákvæði um bann við urðun sláturúrgangs og dýraleifa úr áhættuflokki 1.

ATHUGASEMDIR

Samkvæmt ákv. 5.5 í starfsleyfi getur rekstraraðili samþætt skil á upplýsingum um losun mengandi efna (útstreymisbókhald), grænt bókhald o.fl. Grænt bókhald hefur borist og mun rekstraraðili skila útstreymisbókhaldi sínu fyrir 15.9.nk.

ANNAÐ

Á fundi eftirlitsins var erfið staða mála er varða sláturúrgang og dýraleifar rædd. Ekki er lengur heimilt að urða úrgang úr áhættuflokki 1. Hann skal brenna enda er brennsla eina færa leiðin til að útrýma riðusmiti. Hagsmunaaðilar á Norðurlandi, ásamt fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga fara nú yfir þessi mál, en þar sem sorpbrennslu var hætt á Húsavík fyrir skömmu og óvíst hvort eina sorpbrennsla landsins á Suðurnesjum geti tekið viðkomandi úrgang og um langan veg að fara, er ekki að sjá að farsæl lausn finnist hvað málaflokkinn snertir á næstunni.

Reykjavík, 03.07.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.